



Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2025 – 2026

Júní 2026

Efnisyfirlit

Stefna og markmið	3
Heilsueflandi framhaldsskóli	4
Félagslíf nemenda	4
Kannanir	5
Framhaldsskólapúlsinn	5
Stofnun ársins	5
Kennslukönnun	6
Skólapróun	7
Nýliðasamtöl	7
Skólafundur	7
Árangur nemenda	8
Samantekt og túlkun niðurstaðna	8
Rýni og tækifæri	9
Lokaorð	9

Stefna og markmið

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, en í 40. gr. VIII. kafla er kveðið á um hvernig mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi. Kennslufræðileg stefna FB byggir á því að lögð er jöfn áhersla á bóknám, listnám og verknám og er námið sniðið að breiðum hópi nemenda. Grunnildin virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur eru leiðarljós í námi og kennslu. Í skólanum er lögð áhersla á að nýta til fulls kosti áfangakerfisins og fjölbreytt námsframboð til þess að nemendur geti fundið sér nám við hæfi.

Sýn Fjölbrautaskólans í Breiðholti er að efla fólk til að skapa kærleiksríkt, sjálfbært samfélag. Gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur. Meginhlutverk skólans er að mennta nemendur til lokaprófs úr framhaldsskóla. Til þess að vinna að gildum og markmiðum skólans hefur FB eftirfarandi stefnumið að leiðarljósi:

- Við leggjum áherslu á frið, lýðræði, réttlæti, jöfnuð og jafnrétti.
- Við vinnum saman að góðum námsárangri allra nemenda.
- Við menntum nemendur til að stuðla að sjálfbærni og virða líf og umhverfi.
- Við stuðlum að vellíðan og valdeflingu nemenda og starfsfólks.
- Við leggjum áherslu á góða samvinnu, hvetjandi og nærandi samskipti.
- Við iðkum, kennum og hlúum að nýsköpun.
- Við ræktum góð tengsl út á við og vinnum með nærsamfélagi skólans.

Við Fjölbrautaskólann í Breiðholti starfa 158 manns, 101 kona og 57 karlar (eða 63,9% konur og 36,1% karlar). Tónlist og skyndihjálpi er kennd í verktöku samkvæmt samningi við skólann. Stöðugildi kennslu í dagskóla og kvöldskóla eru 102,3, þar af eru tveir kennarar í námsleyfi. Í yfirstjórn skólans eru fimm stjórnendur; skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, áfangastjóri og kennslustjóri. Kynjahlutfallið í yfirstjórn eru fjórar konur og einn karl. Í stjórnendahópi skólans eru 15 stjórnendur. Fimm í yfirstjórn, sjö fagstjórar, sviðsstjóri nemendapjónustu, sviðsstjóri FabLabs auk alþjóða- og kynningarstjóra. Kynjahlutfall í stjórnendahópnum eru 3 karlar og 12 konur (eða 20% karlar og 80% konur). 37 starfsmenn sinna öðrum störfum en kennslu og stjórnun. Það eru meðal annars skrifstofustörf, bókhald, gjaldkerastörf, matreiðsla, þrif, ganga- og húsvarsla, sálfræðipjónusta, námsaðstoð, náms- og starfsráðgjöf, bókasafns- og upplýsingapjónusta, tölvupjónusta, skólaliðar, sérfræðingar og starfsmenn í Fab Lab Reykjavík.

Gæðaráð

Umsjón með innra mati FB er í verkahring yfirstjórnar skólans og gæðaráðs. Gæðaráð fundaði reglulega yfir skólaárið og á þeim fundum var megináhersla á að fylgja vinnuskjali yfir gæðamál og stefnumótun gæðamála. Þeir þættir sem eru innra matinu helst til grundvallar er kennslumat allra áfanga skólans, árangursmælikvarðar skv. tölfræði af ýmsum toga úr skólastarfinu, niðurstöður skólafunda og aðrar kannanir sem skólinn tekur þátt í. Skólinn tekur þátt í könnuninni Stofnun ársins.

Í gæðaráði veturinn 2025-2026 sátu Víðir Stefánsson aðstoðarskólameistari, Þórunn Elfa Bjarkadóttir kennari, Brynja Stefánsdóttir kennslustjóri og Bylgja Birgisdóttir aðalbókari sem er ritari gæðaráðs.

Skólinn tekur þátt í Grænum skrefum og heldur grænt bókhald en því hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar vegna kerfisvanda hjá þeim. Persónuverndarfulltrúi skólans er Alfa Kristjánsdóttir sem sinnir nú bæði hlutverki skjalastjóra og persónuverndarfulltrúa.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Í stýrihópi um Heilsueflandi framhaldsskóla eru aðstoðarskólameistari, sálfræðingur, félagsmálafulltrúi og tveir kennarar. Sálfræðingur skólans er tengiliður við embætti landlæknis. Fundir teymisins voru reglulegir yfir allan veturinn. Einnig tók tengiliður þátt í fjarfundum á vegum embættis landlæknis.

Á fundum teymisins eru mál er varða heilsueflingu bæði starfsfólks og nemenda rædd og ábendingum og óskum komið á framfæri við stjórnendur. Teymið leggur áherslu á að styðja við viðburði nemendafélagsins sem snúa að heilsutengdum málefnum, þar á meðal íþróttaviðburði og Sæludaga.

Meðal verkefna á skólaárinu 2025-26 var að uppfæra stöðu á gátlistum um heilsueflandi framhaldsskóla, forvarnardagur, sundlaugarkeppni starfsfólks og utan um hald vegna þátttöku starfsfólks í Lífshlaupinu.

Félagslíf nemenda

Rödd nemenda er mikilvæg í skólasamfélaginu og forseti NFB situr í skólaráði og er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd. Félagslíf nemenda var fjölbreytt á skólaárinu 2025-2026. Nemendafélag skólans, NFB, hélt uppi fjölbreyttu félagslífi með viðburðum á borð við nýnemakvöld, böll, bíókvöld, skák, íþróttakeppnir, söngkeppni, tónleika, spilakvöld og bingó. Nýnemaferð, forvarnardagur og skólafundir voru viðburðir sem skólayfirvöld og nemendafélagið undirbjuggu í sameiningu.

Árlega tekur NFB þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna, Gettu betur og öðrum sameiginlegum keppnum framhaldsskólanna, auk þess sem Sæludagar eru haldnir í mars og árshátíð nemenda í tengslum við þá.

Erlent samstarf var einnig sýnilegt í skólastarfinu. List- og verknámsnemendur FB geta sótt um námsdvöl í útlöndum sem hluta af námi sínu og fengið dvölinna metna að fullu. Á hverju ári fá fjölmargir nemendur styrki til skiptináms eða starfsnáms til lengri eða skemmri dvalar í útlöndum og eru alþjóðleg verkefni skólans styrkt af

menntaáætlun Erasmus+. Sem dæmi má nefna 8 daga ferð sem 12 nemendur og tveir kennarar fóru til Guadeloupe í karabíska hafinu.

Kannanir

Kannanir á líðan og árangri nemenda og starfsfólks gefa vísbendingar um áhrif áherslubreytinga í skólanum. Nemendur svara kennslukönnunum í lok hverrar annar þar sem þeir geta tjáð sig um nám og kennslu í áföngum. Einnig svara þeir framhaldsskólapúlsinum árlega. Á skólafundum gefst nemendum auk þess tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Framhaldsskólapúlsinn

Framhaldsskólapúlsinn var lagður fyrir nemendur haustið 2025. Skólinn kemur almennt vel út úr könnuninni og er nálægt landsmeðaltali í flestum lykilþáttum, með sterka stöðu þegar kemur að námsáhuga, stuðningi kennara og virkni í námi. Nemendur lýsa góðri líðan, jákvæðum samskiptum við kennara og fjölbreyttu félagslífi. Samt eru nokkrir þættir þar sem FB mælist undir meðaltali, einkum í vellíðan, hamingju og tíðni áreitni/ofbeldis.

Nemendur í FB sýna meiri námsáhuga, telja sig njóta meiri stuðnings kennara og eru nokkuð sáttir við vinnulag í náminu.

Nemendur skólans vinna meira með skóla heldur en jafnaldrar þeirra eða 13,4 klst. að meðaltali á viku en nemendur í samanburðarskólum 9 klst. á viku. Ánægjulegt er að sjá aukningu þess tíma sem nemendur eyða í tómstundir og æfingar. Einnig eyða nemendur í FB nú svipuðum tíma í heimanám og jafnaldrar þeirra að meðaltali.

FB mælist undir meðaltali í vellíðan og hamingju. Sjálfsálit nemenda í FB sýnist aðeins lægra en meðaltal og hlutfall þeirra sem upplifa áreitni og ofbeldi er hærra en landsmeðaltalið.

Tíðni notkunar á gervigreind er undir meðaltali í FB, þó hlutfall þeirra sem hafa notað gervigreind sé svipað og annars staðar.

Stofnun ársins

Í lok ársins 2025 var könnunin Stofnun ársins framkvæmd. Svarhlutfall var 51%. Könnunin tekur á þáttum eins og stjórnun, starfsanda, launakjörum, vinnuskilyrðum, sveigjanleika, sjálfstæði, ímynd, ánægju og stolti sem og jafnrétti. Heildarniðurstaða þessara matsþátta sýnir að stofnunin er 0,27 stigum undir meðaltali annarra ríkisstofnana.

Hæstu einkunnir gefa þátttakendur þegar kemur að eftirfarandi þáttum:

- Mér kemur vel saman við samstarfsfólk mitt.
- Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda.

- Markmiðin með starfi mínu eru skýr.
- Næsti yfirmaður minn virðir starfsfólkið mikils.
- Á mínum starfsstað/vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynja.

Lægstu einkunnir þátttakenda voru við eftirfarandi þáttum:

- Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar.
- Telur þú vinnuveitanda þinn greiða þér betri, svipuð eða verri laun en þú gætir fengið á öðrum vinnustöðum fyrir sambærilegt starf og vinnutíma?
- Ánægja með vinnu- eða skrifstofurými.
- Ánægja með loftgæði.
- Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu).

Vinnuskilyrði sem höfðu mjakast upp á við árið 2024 hafa aftur dalað um 0,06 punkta. Stofnunin hefur markvisst lagt sig fram við það að bæta vinnuskilyrði. Þættir eins og betri loftgæði og hljóðvist er eitthvað sem hefur batnað verulega við endurnýjun suðurhúss eða c-álmu skólabyggingarinnar. Hins vegar hafa loftgæði og hljóðvist verið mjög léleg á vinnusvæði við smiðju skólans þar sem unnið er að endurnýjun og stækkun. Auk þess hefur norðurálma skólans og skrifstofubygging ekki verið endurnýjuð.

Kennslukönnun

Kennslukönnun fór fram sem endranær í öllum áföngum skólans bæði á haustönn og vorönn. Veitir könnunin nemendum tækifæri til þess að koma á framfæri upplifun sinni af kennslu í sínum áföngum. Kennarar fá aðgang að niðurstöðum kennslukannana eftir að gefnar hafa verið einkunnir. Er það gert til þess að útiloka að endurgjöf nemenda hafi áhrif á einkunnagjöf.

Þær spurningar sem lagðar voru fram árið 2025-2026 eru eftirfarandi:

1. Kennarinn sýnir mér virðingu.
2. Ég get alltaf fengið hjálp frá kennaranum ef ég skil ekki námsefnið.
3. Námsáfanginn er vel skipulagður.
4. Kennarinn gefur mér reglulega upplýsingar um hvernig mér gengur, munnlega, skriflega eða með einkunnabirtingu á INNU.
5. Á heildina litið er ég ánægð/ánægður/ánægt með kennsluna í áfanganum.
6. Ég hef lagt mig fram í þessum áfanga.

Notaður er mælikvarðinn: mjög sammála – frekar sammála – hvorki sammála né ósammála – frekar ósammála og mjög ósammála.

Venjulega fá kennarar stutt viðtöl til skólameistara og aðstoðarskólameistara í kjölfar niðurstöðu kennslukannana. Viðtölin fóru fram eftir að niðurstöður haustannar 2025 voru birtar en féllu niður í kjölfar vorannar sökum mikilla anna. Almennt eru niðurstöður kennslukannana afar jákvæðar. Ef svo er ekki, er farið yfir málið í þessu

samtali og ræddar mögulegar skýringar og hvort tilefni sé til að kennari endurskoði kennsluhætti sína eða samskipti við nemendur á einhvern hátt.

Skólaþróun

Skólaárið 2025–2026 var skólaþróunarteymi stofnað í FB í kjölfar breytinga á kjarasamningi kennara. Í teyminu sátu þrír kennarar, kjörnir af kennarahópnum, og þrír stjórnendur. Hlutverk teymisins var að móta sameiginlega starfsþróunaráætlun í takt við þarfir skólastarfsins, leggja mat á fræðsluþörf og forgangsraða aðgerðum með hliðsjón af þörfum skólans hverju sinni. Teymið bar jafnframt ábyrgð á að skipuleggja 16 klukkustunda skólaþróun og endurmenntun á skólaárinu, skilgreina hvað félli undir skólaþróun og skapa kennurum svigrúm til að velja sér viðfangsefni sem nýttust í eigin starfi, deildum og skólasamfélaginu í heild.

Nýliðasamtöl

Haustið 2025 tóku níu nýir kennarar til starfa við skólann og vorið 2026 bættist einn kennari við í apríl. Allir nýir kennarar fengu mentor, sem er reyndur kennari sem þeir geta ávallt leitað til. 5-6 vikum eftir að þeir hófu störf var hinum nýju kennurum boðið í nýliðasamtal með kennslustjóra og mentor og einnig var þeim boðið í jafningjasamtal við aðra nýja kennara í hádegi. Markmið samtals er að tryggja vellíðan nýliðans í starfi og styðja hann á sinni kennsluvegferð.

Skólafundur

Skólafundur var haldinn á skólaárinu 2025-2026. Þann 4. nóvember 2025 ræddu nemendur um áhrif snjallsímanotkunar og skjátíma á heilsu og vellíðan. Fundurinn var hluti af reglubundnu samráði við nemendur um málefni skólans, en skólafundir byggja á 9. grein laga um framhaldsskóla. Umræður fóru fram í stofum undir stjórn kennara, niðurstöðum var skilað inn og þær teknar saman og birtar á heimasíðu skólans.

Á fundinum var sjónum beint að því hvernig snjallsímar og skjátími hafa áhrif á nám, einbeitingu, samskipti, hvíld, svefn og almenna líðan nemenda. Nemendur ræddu meðal annars kosti og galla símanotkunar í skólanum, hvaða áhrif skjátími hefur á skóladaginn og hvaða leiðir gætu stutt við heilbrigðari notkun snjalltækja.

Umræður nemenda sýndu að snjallsímar eru bæði gagnlegt verkfæri og möguleg truflun í námi. Nemendur bentu á að símar nýtast til samskipta, skipulags og upplýsingaleitar, en jafnframt að mikil notkun og stöðug tilkynningaflæði geti haft neikvæð áhrif á einbeitingu, félagsleg samskipti og vellíðan. Niðurstöður fundarins nýtast skólanum við áframhaldandi umræðu um skýra ramma, forvarnir og sameiginlega ábyrgð nemenda og starfsfólks á heilbrigðri síma- og skjánotkun í skólastarfinu.

Árangur nemenda


Áfangastjóri gefur út tölulegar upplýsingar um árangur nemenda í einstaka áföngum eftir lok hvernar annar. Stjórnendur sem og kennarar rýna tölurnar og ræða þá einkunnadreifingu sín á milli. Það er stefna skólans að allir nemendur nái árangri í námi.

Í eftirfarandi töflum má sjá heildartölur um námsgengi nemenda í dagskóla og kvöldskóla á skólaárinu.


Námsgengi í áföngum á haustönn 2025		
Stóðust	7724	79,40%
Féllu	1117	11,29%
Hættu	1054	10,65%
Fjöldi skráðra	9895	100,00 %

Námsgengi í áföngum á vorönn 2026		
Stóðust	7086	76,8%
Féllu	977	10,72%
Hættu	1049	11,75%
Fjöldi skráðra	9112	100,00 %

Námsgengi í áföngum — haustönn 2025



Námsgengi í áföngum — vorönn 2026



Samantekt og túlkun niðurstaðna

Niðurstöðurnar sýna að meirihluti skráðra nemenda stóðst áfanga á báðum önnum skólaársins. Á haustönn 2025 stóðust 79,40% skráðra nemenda áfanga, 11,29% féllu og 10,65% hættu. Á vorönn 2026 stóðust 76,80%, 10,72% féllu og 11,75% hættu. Hlutfall þeirra sem stóðust áfanga lækkaði því lítillega milli anna, um 2,6 prósentustig, en hlutfall þeirra sem hættu hækkaði um 1,1 prósentustig.

Þessar niðurstöður benda til þess að almennt nái stór hluti nemenda árangri í áföngum, en brotthvarf úr einstökum áföngum og fallhlutfall kalla áfram á markvissa eftirfylgni. Sérstaklega er ástæða til að skoða hvort ákveðnir áfangar, námsleiðir eða nemendahópar þurfi aukinn stuðning, námsráðgjöf eða skýrari inngrip fyrir á önninni. Niðurstöðurnar geta nýst í áfangarýni, samtali við fagdeildir og við skipulagningu úrræða sem styðja við markmið skólans um að sem flestir nemendur nái árangri í námi.

Rýni og tækifæri

Með það fyrir augum að nemendur nái árangri í því námi sem þau velja að stunda hefur skólinn gripið til ýmissa aðgerða. Má þar nefna nokkur atriði. Í fyrsta lagi er áfram unnið að einstaklingsmiðun í námi í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna. Unnið hefur verið vandað námsefni út frá evrópska tungumálarammanum og akademískum orðalista sem er sett upp þannig að nemendur geta unnið á sínum eigin hraða. Að auki hefur verið gefið út kennsluefni í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna í heilbrigðisgreinum. Til þessarar vinnu hlaut kennari skólans styrk frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Mikil aðsókn er meðal erlendra nemenda í kvöldskóla í sjúkraliðanámi og þá er stærsta áskorunin gjarnan að ráða við tungumálið.

Frá haustinu 2024 var ákveðið að breyta inntökuskilyrðum í rafvirkjun þannig að nemendur fá ekki að hefja nám í verklegum greinum fyrir en þau hafa lokið stærðfræði á fyrsta þrepi. Fagkennarar í voru sammála um að slíkur grunnur í stærðfræði væri forsenda þess að nemendur næðu árangri í náminu. Árangur í einkunnadreifingu gefur ekki vísbendingar um betri árangur nemenda en kennarar lýsa yfir ánægju með fyrirkomulagið og telja það komið til að vera.

Lokaorð

Skólaárið 2025-2026 hefur verið unnið að því með markvissum hætti að rýna starfið í skólanum til gagns og hafa verið gerðar breytingar á fyrirkomulagi í lokaáfangi skólans, tölvubrautin hefur verið uppfærð mikið og þar hefur áfangi í netöryggi bæst við. Samtal hefur átt sér stað um stærðfræðikennslu og umhverfisáfangi hefur verið kenndur í fyrsta sinn. Skólaþróunarteymi hefur verið sett á laggirnar og er sú vinna þegar farin að skila sér í auknu samtali kennara.

Áfram verður unnið að því að bæta félagslíf nemenda og auka heilsuefningu í skólanum.

Gæðaráð mun áfram taka saman hvað vert er að rýna til þess að faglegt starf í skólanum sé í sífelldri endurskoðun með það markmið að efla nemendur til þess að skapa kærleiksríkt, sjálfbært samfélag.